

Kvenfélagið Baldursbrá

Afhending 2020/7

Kvenfélagið Baldursbrá var stofnað í Glæsibæjarhreppi árið 1919.

Markmið félagsins var að hjálpa veikum og fátækum því að þá var lítið um sjúkrahúsvistir jafnvel fyrir dauðvona fólk. Fólk dó heima en þurfti umönnun á banalegunni sem og í öðrum veikindum. Kvenfélagið vildi því fá hjúkrunarkonu til að sinna sjúklingum og kostaði því unga stúlku á þriggja mánaða námskeið á sjúkrahúsi og hún vann hjá félaginu í nokkur ár. Einnig gaf félagið peninga þangað sem veikindi og önnur óhöpp hentu hreppbúa.

Á sjöunda áratugnum var félagið komið í lægð og var ástæðan verkefnaskortur, sjúkrahús tóku við sjúklingum, sjúkratryggingar og meira atvinnuöryggi tryggði fólki stöðugri efnahag meðan það átti við veikindi og meiðsli að stríða. Þá var farið að tala um að finna félaginu einhver viðbótarverkefni fyrir félagið og varð úr að félagið styrkti byggingu Sólborgar og seinna byggingu Glerárkirkju. Bygging kirkjunnar í Glerárhverfi var þeim sérlega hugleikin og eftir að Glerárprestkall var stofnað hefur félagið starfað fyrir kirkjuna.

Markmið félagsins eins og stendur í lögum þess „...er að vinna að mannúðarmálum á félagssvæðinu og ef sérstakir erfiðleikar steðja að heimilum í Glerárhverfi skal ganga fyrir að rétta þar hjálparhönd.“ Aðalstarf félagsins er þó vinnan fyrir kirkjuna og þar hefur það einnig aðstöðu til starfseminnar.

Félagslífið í Baldursbrá hefur alltaf verið mjög virkt, boðið er upp á margskonar námskeið og félagskonur hafa aðstöðu til að fönndra saman í kirkjunni þegar áhugi er fyrir hendi, þar er fundir félagsins líka haldnir. Reynt er að fara í árlegt ferðalag og halda árshátíð þar sem mökum er boðið með. Árlega er félagið með basar, bingó og kaffisölu á 17.júní og einnig sér það um að þvo og strauja fermingarkyrtla kirkjunnar. Hefð er fyrir því að seinasti fundur vetrarins sé skemmtifundur og þá er farið saman út að borða.

Áður hefur borist frá sama skjalamyndara afhending 2009/63.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3.júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Kvenfélagið Baldursbrá			2020 / 7
A-Kvenfélagið Baldursbrá		1954 - 2019	
2020 - A / 1	1	2005- 2009 Mætingabók á fundi og viðburði.	Innbundin bók
2020 - A / 1	2	2000- 2006 Fundargerðabók, aðalfunda og félagsfunda.	Innbundin bók
2020 - A / 1	3	1989- 2019 Gestabók.	Innbundin bók
2020 - A / 1	4	2003- 2003 Uppgjör á samningi um kaup á glerlistaverki í Gleráarkirkju, dags 12.jan 2003.	1 A4 blað
2020 - A / 1	5	2009- 2009 Söngtextar frá 90 ára afmælishófi félagsins.	2 eins bæklingar
2020 - A / 1	6	1967- 1978 Fundargerðarbók stjórnarfunda.	Innbundin bók
2020 - A / 2	1	1954- 2002 Reikningar félagsins.	Innbundin bók